

STEFNA ÍSLANDSSJÓÐA UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Stefna Íslandssjóða um samfélagsábyrgð byggir á hlutverki okkar, gildum og áherslum. Þau leggja góðan grunn að ábyrgð félagsins gagnvart umhverfi og samfélagi og eru til þess fallin að leggja okkar af mörkum til að skapa heilbrigðan fjármálamarkað.

Við vinnum að ábyrgð okkar af heilindum með langtímahugsun að leiðarljósi. Ábyrgð ákvarðanatataka er okkur mikilvæg og reglufylgni, fagleg vinnubrögð, virk áhættustýring og góðir stjórnarhættir eru lykilþættir í vinnu okkar.

Íslandssjóðir leggja áherslu á að sýna ábyrgð í vali á fjárfestingarkostum og stýringu eigna. Það er okkur mikilvægt að vera fagleg og skapa virði fyrir viðskiptavinum okkar. Við leggjum okkur fram um að vinna með ábyrgð okkar gagnvart umhverfi og samfélagi á jákvæðan hátt og við teljum að góðir stjórnarhættir séu mikilvægur þáttur í að sýna fram á ábyrgan rekstur. Við fylgjum viðurkenndum viðmiðum í stjórnarháttum bæði í eigin starfsemi og við nýtingu atkvæðisréttar í fyrirtækjum sem sjóðir okkar fjárfesta í. Við leitum jafnframt ávallt leiða til að hvetja þau til að fylgja slíkum viðmiðum í starfsemi sinni.

Við leggjum okkur fram um að vera ábyrgt fyrirtæki með heilbriggt starfsumhverfi og viljum vera samkeppnishæf um besta fólkið. Við gerum starfsfólki kleift að nýta þekkingu sína á faglegan hátt og auka við hana, m.a. með því að veita því tækifæri til að þróast í starfi, sækja námskeið auk þess sem við sinnum fræðslu. Við leitumst við að gera starfsfólki okkar kleift að skapa jafnvægi milli vinnu og einkalífs og tökum þátt í verkefnum sem stuðla að velferð þeirra og heilbrigði.

Við lítum svo á að það felist margþættur ávinningur í að sýna fram á ábyrgð félagsins gagnvart umhverfi og samfélagi og teljum það byggja traustar undirstöður undir fjárhagslega frammistöðu félagsins.

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða 27. febrúar 2017